



# Mapegrout SV

**Hraðþornandi múrblanda sem herðist án rýrnunar og flæðir vel, ætluð til viðgerða á steinsteypu og til lagfæringa á skoðunarstokkum, ræsisbrunnum og yfirborðslagi þjóðvega**



## HVAR NOTAD

- Til viðgerða á illa förnum steinsteypumannvirkjum þar sem þörf er fyrir vel fljótandi múrblöndur.
- Til að gera við iðnaðargólf, þjóðvegi og flugstöðvar sem opna þarf fyrir umferð sem fyrst.
- Til hraðviðgerða á skoðunarstokkum og ræsisbrunnum.

## Nokkur dæmi um notkun

- Viðgerðir á steinsteypum gólfum á iðnaðarsvæðum, í verslanamiðstöðvum og vörugymslum.
- Viðgerðir á steinsteypum gólfum á flugvöllum.
- Viðgerðir á steinsteypum gangstéttum.
- Viðgerðir á vegamerkingum.
- Viðgerðir á steypum rafmagns- og/eða símamöstrum.
- Viðgerðir á múrveggjum.
- Viðgerðir á almennu yfirborðslagi þjóðvega.
- Viðgerðir á rennu- og kantsteinum og vegriðum.
- Viðgerðir á lokuðum holræsum og skoðunarstokkum fyrir gas, rafmagn og símalínur.

## TÆKNILEG EINKENNI

**Mapegrout SV** er tilbúin eins þáttar blanda í duftformi, gerð úr sérstökum vökvabindiefnum, hágæða sementi, sigtuðum fylliefnum og sérstökum íblendiefnum eftir uppskrift sem þróuð var í rannsóknarvinnustofum MAPEI.

Magn þess vatns sem blandan er hrærð með ræður því hvort **Mapegrout SV** verður fljótandi eða hraðfljótandi að gerð. Múrblandan hentar því til jafnvel enn þykkari formsteypu (allt að 5 sm) í ákveðnu formi eða skilgreindu rými án þess að hætta sé á því að hún skilji sig.

Sé um meiri þykkt en 5 sm að ræða, þarf að blanda **Mapegrout SV** með 40% **Grús 6/10**. Hraðþornandi eiginleiki **Mapegrout SV** gerir að verkum að hægt er að hleypa á viðgert svæði léttri umferð fótgangandi og jafnvel umferðar á hjólum eftir um það bil 2 klukkustundir frá því að efnið var borið á við +20°C. Einstök samsetning og sérstök íblendiefni múrblöndunar gera að verkum að hún er með mjög mikinn affræðilegan styrk jafnvel eftir langan tíma, auk þess sem hún er vatnsvarin og með mikið núningsþol.

**Mapegrout SV** uppfyllir kröfur samkvæmt EN 1504-9 staðli („Vörur og kerfi til vermdar og viðgerða á steypumannvirkjum - Skilgreiningar, kröfur, gæðaeftirlit og mat á samræmi - Almennar meginreglur um notkun á vörum og kerfum“) og samkvæmt lágmarkskröfum í EN 1504-3 staðli („Til viðgerða á bæði burðareiningum og öðrum einingum“) fyrir byggingamúrefni af flokki R4.

## RÁÐLEGGINGAR

- Ekki bæta sementi eða íblendiefni við **Mapegrout SV**.
- Ekki nota **Mapegrout SV** séu umbúðirnar skaddaðar.
- Ekki bæta við vatni þegar blandan er byrjuð að harðna.
- Ekki skal setja **Mapegrout SV** á malbik eða yfirborð meðhöndlað með jarðbiki.
- Ekki bera **Mapegrout SV** á slétta yfirborðsleti. Ýfðu



## TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

### AUÐKENNI VÖRU

Flokkur samkvæmt EN 1504/3: R4

Gerð: CC

Samsetning: duft

Litur: grár eða svartur

Hámarks kornastærð (mm): 2,5

Péttleiki (kiló/m<sup>3</sup>): 1.300

Innihald þurrefna (%): 100

Innihald klóríðjóna: - lágmarkskrafa ≤ 0,05% - samkvæmt EN 1015-17 (%): ≤ 0,05

### UPPLÝSINGAR UM NOTKUN (við +20°C - 50% loftraka)

Litur blöndu: grár eða svartur

Blöndunarhlutfall: 100 hlutar **Mapegrout SV** í 12-13 hluta vatns (3,0-3,25 l vatns fyrir hvern 25 kílóa poka)

Péttleiki blöndu: fljótandi - ofurfljótandi

Péttleiki blöndu (kiló/m<sup>3</sup>): 2.300

Sýrustig (pH) blöndu: > 12

Hitastig við notkun: frá +5°C til +35°C

Hitastig við notkun: +5°C +10°C +20°C

Endingartími hrærðrar blöndu: 60 mín. 20 mín. 15 mín.

Endanleg hörðun: 100 mín. 60 mín. 35 mín.

### ENDANLEG FRAMMISTAÐA (13% íblandað vatn)

Einkenni frammistöðu	Prófuna-raðferð	Lágmarkskröfur miðað við kröfur EN 1504-3 til múrblöndu í flokki R4	Frammistaða vöru			
			+5°C	+10°C	+20°C	
Prýstistyrkur (MPa):	EN 12190	≥ 45 (eftir 28 daga)	2 klst.	4	15	20
			4 klst.	20	25	25
			1 d.	34	34	34
			7 d.	45	45	45
			28 d.	55	55	55
Sveigjustyrkur (MPa):	EN 196/1	ekki krafist	+5°C	+10°C	+20°C	
			2 klst.	2	4	4
			4 klst.	4	5	5
			1 d.	7	7	7
			7 d.	8	8	8
28 d.	9	9	9			
Teygianleikastuðull samþjöppunar (GPa):	EN 13412	≥ 20 (eftir 28 daga)	25 (eftir 28 daga)			
Viðloðunarstyrkur við steinsteypu (MC 0,40 yfirborðsgerð hlutfall vatns/sements = 0,40) samkvæmt EN 1766 (MPa):	EN 1542	≥ 2 (eftir 28 daga)	> 2 (eftir 28 daga)			
Viðnám gegn hraðaðri kolsýrumettun:	EN 13295	Dýpt kolsýrumettunar: < steinsteypa til viðmiðunar (MC 0,45 gerð með v/s hlutfalli = 0,45) í samræmi við UNI 1766	prófun gekk lengra			
Hárpípufrásog (kiló/m <sup>2</sup> ·h <sup>0,5</sup> ):	EN 13057	≤ 0,5	< 0,5			
Hitasamhæfni mæld í samræmi við EN 1542 (MPa): - frýsta/þíða umferðir með afisunarsóltum: - stormumferðir: - þurrhituumferðir:	EN 13687/1 EN 13687/2 EN 13687/4	≥ 2 (eftir 50 umferðir) ≥ 2 (eftir 30 umferðir) ≥ 2 (eftir 30 umferðir)	> 2 > 2 > 2			
Viðbrögð við eldi:	EN 13501-1	Euroclass	A1			

Samsetning og eiginleikar steinsteypu sem gerð er með Mapegrout SV.  
Samsetning blöndu: 100 hlutar Mapegrout SV - 40 hlutar grús 6/10 - 14 hlutar vatns

Einkenni frammistöðu	Prófuna- raðferð	Frammistaða vöru			
Péttleiki blöndu (kíló/m <sup>3</sup> ):	EN 12350-6	2.360			
Samræmi blöndu (á að giska í sm):	EN 12350-2	25			
Prýstistyrkur (MPa):	EN 12390-3		+5°C	+10°C	+20°C
		1 klst.	–	–	15
		2 klst.	4	14	20
		4 klst.	20	25	25

yfirborðið (með að minnsta kosti 5 mm ójöfnum) og styrktu andstæður eftir því sem með þarf.

- Ekki nota **Mapegrout SV** við hitastig lægra en +5°C. Sé nauðsynlegt að nota vöruna við hærra eða lægra hitastig en mælt er með, skaltu hafa samband við tækniþjónustudeild okkar.
- **Mapegrout SV** harðnar mjög hratt. Þar af leiðandi er mælt með því að hræra aðeins blöndu til notkunar innan næstu 15 mínútna þar á eftir.

## LEIÐBEININGAR UM NOTKUN

### Undirlagið undirbúið

- Fjarlægðu alla skemmda og lausa steypu þar til undirlagið er orðið fast, sterkt og gróft.
- Fjarlægðu allar leifar af málningu, olíu, ryki og öðrum efnum sem dregið gætu úr viðloðun **Mapegrout SV** við undirlagið.
- Vættu undirlagið vel með vatni.
- Bíddu með að steypa þar til allt afgangsvatn hefur gufað upp. Hægt er að flýta þessu ferli ef með þarf með því að nota þrýsiloft.

### Að undirbúa múrblönduna

Helltu 12-13% vatns (3,0-3,25 lítra fyrir hvern 25 kílóa poka), í samræmi við þann péttleika sem óskað er eftir, í sementshræivél. Bættu smám saman **Mapegrout SV** út í og hrærdðu allt saman í 1-2 mínútur.

Fjarlægðu allt duft sem ekki hefur náð að blandast fullkomlega af innra borði hrærivélarinnar og haltu áfram að hræra í 2-3 mínútur þar til blandan er orðin fullkomlega einsleit.

Eigi að leggja efnið í meiri þykkt en 5 sm skaltu blanda **Mapegrout SV** saman við 40% af **Grús 6/10** og nota 14% vatns í blöndun (miðað við þyngd múrblöndunnar - 3,5 lítra fyrir hvern poka af **Mapegrout SV**). Hægt er að vinna með **Mapegrout SV** í um það bil 15 mínútur við +20°C hitastig.

### Að bera múrblönduna á

Helltu **Mapegrout SV** á undirbúna svæðið án þess að beita titringi og sléttu yfirborðið umsvifalaust með múrskelið.

Ef nauðsyn krefur er hægt að leggja nýtt malbik á svæðið eftir lögn skoðunarstokka eða ræsisbrunna. Mælt er með að minnsta kosti 3 sm þykku jarðbiki svo það nái að falla vel að og þola umferðaralag án þess að gefa eftir.

## VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ LÖGN OG AÐ HENNI LOKINNI

### Lágt hitastig

- Gættu þess að undirlagið sé ekki frosið og verðu efnið gegn frosti fyrstu 24 tímana eftir að það hefur verið lagt.
- Blandaðu efnið með volgu vatni.

- Áður en varan er tekin í notkun skaltu verja hana frosti og geyma á þurrum stað.

### Hátt hitastig og/eða hvasviðri

- Vættu undirlagið alltaf vel með vatni.
- Blandaðu efnið með köldu vatni.
- Verðu nýtt yfirborð múrblöndunnar gegn hraðri uppgufun sem gæti orsakað samdráttarsprungur, með **Mapecure S** eða **Mapecure E**.

### Hreinsun

Nota má vatn til að fjarlægja nýja múrblöndu af verkfærum sem notuð eru við gerð eða lögn blöndunnar. Þegar blandan hefur harðnað verður að skafa hana af.

### LITIR

Grár eða svartur.

### NOTKUN

- Notað óblandað: 20 kíló/m<sup>2</sup> á hvern þykktarsentimetra.
- Blandað:
  - 14,5 kíló/m<sup>2</sup> á hvern þykktarsentimetra.
  - (5,7 kíló/m<sup>2</sup> **Grús 6/10**).

### UMBÚÐIR

25 kílóa pappírspokar.

### GEYMSLA

12 mánuðir við geymslu innanhúss á þurrum stað.

Varan uppfyllir kröfur samkvæmt Viðauka XVII við Reglugerð (EC) N° 1907/2006 (REACH), lið 47.

### ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar [www.mapei.no](http://www.mapei.no) okkar.

VARA ÆTLUÐ TIL NOTKUNAR AF FAGMÖNNUM.

### VIÐVÖRUN

Jafnvel þótt tæknilegar upplýsingar og

# Mapegrout SV



ráðleggingar í gagnablaði þessu með vörnni séu í samræmi við okkar bestu þekkingu og reynslu, ber að taka öllum ofangreindum upplýsingum sem leiðbeinandi eingöngu og á grundvelli hagnýtrar notkunar til langs tíma lítið. Þar af leiðandi þarf hver sá sem hyggst nota vöruna að tryggja sér fyrir fram að hún henti til áætlaðrar notkunar. Notandinn er einn og öllum tilvikum að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum þess að varan sé notuð.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tæknigagnablaðinu sem finna má á vefsetri okkar [www.mapei.no](http://www.mapei.no)

**TILKYNNING UM LAGALEG ATRÍÐI:**  
**Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en það skjal skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara Mapei er notuð. Til að nálgast nýjustu tækniblað og upplýsingar varðandi ábyrgð, vinsamlegast heimsækið heimasíðu okkar á [www.mapei.no](http://www.mapei.no)  
**ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA ÚR ÞESSU ÖRYGGISBLAÐI MUNU ÓGILDA ALLA TENGDA ÁBYRGÐ MAPEI.****

**Hægt er að biðja um allar viðeigandi upplýsingar um vöruna og nálgast þær á [www.mapei.no](http://www.mapei.no)**

